

Háskólafundaröð 2007-2008

# Ísland á alþjóðavettvangi

Samantekt úr erindum og umræðum





Útgefandi: Utanríkisráðuneytið júní 2008

## Upphaf - ekki endir



Utanríkismál hafa grundvallarþýðingu fyrir okkur Íslendinga og í samskiptum Íslands við aðrar þjóðir munu framtíðarlífskjör okkar ráðast. Þátttaka háskólamanna og fólks innan viðskipta- og menningargeirans í umræðu um alþjóðamál er frumforsenda þess að vel takist til við að móta og framkvæma stefnu Íslands í utanríkismálum.

Síðastliðið haust boðaði utanríkisráðuneytið, í samstarfi við alla háskóla landsins, til fundaraðar um erindi Íslands á alþjóðavettvangi og ávinning af þátttöku landsins í alþjóðasamstarfi. Fundaröðin var nýmæli, en aldrei áður höfðu háskólarnir unnið saman og með utanríkisráðuneytinu að því að efla umræðu um stöðu Íslands í umheiminum.

Óhætt er að segja að þetta nýja samstarfsverkefni hafi gengið framúrskarandi vel. Í allan vetur hefur farið fram margþætt og þróttmikil umræða um ólíkar hliðar íslenskra utanríkismála. Fundaröðin spannaði þó ekki allt svið utanríkismálanna, heldur var fyrst og fremst fjallað um þau málefni sem háskólarnir sjálfir kusu að beina athygli að.

Í bæklingi þessum er að finna samantekt um efni og inntak erinda og umræðna úr háskólafundaröðinni. Þótt umfjöllunarefni einstakra funda hafi verið ólík - allt frá menningu og menntun í hnattvæddum heimi til þróunarstarfs, friðargæslu og starfsemi öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna - má segja að á öllum fundunum hafi hljómað ákveðin meginstef.

Í fyrsta lagi var samhugur um að alþjóðamál tengdust hagsmunum heima fyrir með beinum hætti. Heimsmál eru heimamál og Ísland verður því að láta að sér kveða á alþjóðavettvangi til þess að vinna að hagsmunum lands og þjóðar. Jafnframt ber okkur Íslendingum, sem vel stæðri þjóð, sjálfsögð siðferðileg skylda til að axla ábyrgð á sameiginlegum úrlausnarefnum.

Í öðru lagi kom fram að Ísland byggi yfir styrk og reynslu á sviði sjálfbærrar auðlinda-nýtingar, bæði í sjávarútvegi og innan orkugeirans, og samfélagsuppbyggingar, ekki síst hvað varðar jafnrétti kynjanna. Í þeirri sögu og sérstöðu Íslands eru fólgin tækifæri til veigamikils framlags til hnattrænna þróunar-, umhverfis- og friðarmála. Þau tækifæri eigum við að nýta.

Í þriðja lagi höfðu þátttakendur sammæli um að virk þátttaka í alþjóðasamstarfi væri beinlínis forsenda þess að íslenskt menningar- og menntalíf geti dafnað í hnattvæddum heimi. Aðeins með þátttöku í fjölbjóðlegu lista-, rannsóknar- og vísindastarfi getur Ísland tryggt samkeppnishæfni sína samanborið við önnur lönd. Einangrun er ekki valkostur.

Ánægjulegt er að svo virðist sem breið samstaða sé að verða um þessi þrjú atriði. Ísland á þannig ótvírætt erindi á alþjóðavettvangi og í því er ávinningur fólgin. Framlag okkar utanlands styrkir stöðuna heima fyrir.

Þótt yfirstandandi háskólafundaröð sé brátt á enda merkir það ekki endalok heldur upphaf. Fullvíst má telja að árangursríku samstarfi háskólanna og utanríkisráðuneytisins verði fram haldið til að treysta enn frekar þann þekkingargrunn sem við byggjum starf okkar á. Mikilvægt er að á Íslandi fari fram öflugt rannsóknarstarf á sviði alþjóðamála og að grannt sé fylgst með straumum og stefnum. Engir eru betur til þess fallnir en háskólamenn, jafnt kennarar sem nemendur. Ég vil þakka rektorum háskólanna og öðrum skipuleggjendum fyrir þann áhuga og þá útsjónarsemi sem þeir hafa sýnt við framkvæmd fundaraðarinnar.



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir  
utanríkisráðherra.

## Háskólafundaröð 2007-2008

Haustið 2007 efndu íslensk stjórnvöld í samvinnu við alla háskóla landsins til fundaraðar um stöðu Íslands á alþjóðavettvangi - erindi og ávinning. Markmiðið með fundaröðinni var að hvetja til upplýstrar samræðu um alþjóðamál í þjóðfélaginu. Fjallað var um stöðu og hlutverk Íslands á alþjóðavettvangi og um einstök mikilvæg verkefni eins og hugsanlega þátttöku Íslands í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Tillögur að fundar- og umræðuefnum komu frá háskólunum. Einnig var efnt til málstofa og vinnustofa með þátttöku fræðimanna, nemenda og sérfræðinga á sviði utanríkismála.



Utanríkisráðherra með háskólarektorum

F.v.: Hjálmar H. Ragnarsson, Skúli Skúlason, Ágúst Sigurðsson, Jón Ólafsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra, Guðmundur Heiðar Frímansson, Svava Grönfeldt, Ólafur Proppé, Kristín Ingólfssdóttir.

Með vandaðri fræðilegri umræðu var leitast við að varpa skýrara ljósi á forsendur starfs Íslands á alþjóðavettvangi og þar með á mikilvægi öflugrar utanríkisþjónustu. Það var ekki síst markmið fundaraðarinnar að styrkja tengsl milli utanríkisráðuneytis og háskóla landsins í þágu bættrar stefnumótunar á öllum sviðum alþjóða- og utanríkismála.

### **Háskólafundir:**

- I. **Alþjóðasamstarf á 21. öld og öryggisráð Sameinuðu þjóðanna.**  
Opnunarmálþing í Háskóla Íslands 7. september 2007.
- II. **Þátttaka Íslands í friðargæslu - af hverju?**  
Málþing í Háskólanum á Bifröst 19. október 2007.
- III. **Ísland á alþjóðavettvangi - skiptum við máli?**  
Málþing í Háskólanum í Reykjavík 24. október 2007.
- IV. **Ísland í öryggisráðið - og hvað svo?**  
Málstofa á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands 7. desember 2007.
- V. **Mannréttindi í utanríkisstefnu Íslands - hvers vegna?**  
Málþing á vegum Háskólans á Akureyri 10. desember 2007.
- VI. **Átakalínur í framtíðinni - geta Íslendingar komið að liði í baráttunni gegn matvæskorti, þurrkum og loftlagsbreytingum?**  
Málþing í Landbúnaðarháskólanum 15. janúar 2008.
- VII. **Réttur til menningar - íslenskur menningararfur í ljósi hnattvæðingar.**  
Málþing í Listaháskóla Íslands 14. febrúar 2008.
- VIII. **Menntun í samfélagi þjóða.**  
Málþing í Kennaraháskóla Íslands 27. mars 2008.
- IX. **Hvernig á íslensk náttúra, menning og þekking erindi til alþjóðasamfélagsins?**  
Málþing í Háskólanum á Hólum 15. apríl 2008.

Hér á eftir er samantekt á efni og inntaki erinda og umræðna í háskólafundaröðinni. Í viðauka er að finna dagskrár fundanna. Erindin sem flutt voru á fundunum eru birt ásamt myndbandsupptökum á vefsíðu utanríkisráðuneytisins:  
[www.utanrikisraduneyti.is/haskolafundarod/](http://www.utanrikisraduneyti.is/haskolafundarod/)



# Ísland á alþjóðavettvangi

## 1. Alþjóðasamskipti Íslands.

Frá því að Ísland hóf þátttöku í alþjóðasamstarfi við stofnun lýðveldisins árið 1944 hafa áherslur í utanríkisstefnu stjórnvalda tekið umtalsverðum breytingum og þá einna helst síðastliðin 15 ár. Við upphaf þátttöku Íslands í Sameinuðu þjóðunum var megináhersla lögð á að gæta sértækra hagsmuna. Ráðamenn landsins voru raunsæir um takmarkaða getu Íslands til að hafa áhrif á alþjóðavettvangi, enda landið ekki aðeins smáriki heldur einnig eitt fátækasta ríki Vestur-Evrópu og algjörlega háð einni útflutningsgrein, sjávarútvegi. Þannig voru hafréttarmál lengi vel fyrirferðarmikil í starfi Íslands á alþjóðavettvangi. Ísland reyndi þó að láta til sín taka með því að styðja ófrjálsar nýlendubjóðir og síðar Eystrasaltslöndin í baráttu þeirra fyrir sjálfstæði sínu.

Nú eru breyttir tímar og á Íslandi er öflugt þekkingarsamfélag með einum þeim hæstu lífsgæðum sem þekkjast í heiminum. Þá eru sameiginleg verkefni ríkja heims ólík því sem áður var og meira krefjandi en nokkru sinni fyrr. Ísland á þess nú kost og hefur getu til að gera sig meira gildandi á alþjóðavettvangi og taka þátt í því að leysa sameiginleg vandamál. Þau svið þar sem Ísland hefur einna mest fram að færa eru einkum tengd auðlindum samfélags, lands og sjávar. Þar má nefna stjórnun og nýtingu sjávarauðlinda, en Ísland hefur átt frumkvæði í því að miðla reynslu sinni af sjálfbærri nýtingu hafsins og látið til sín taka í hafréttarmálum.

Því næst má nefna nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa, en þar hefur Ísland einnig átt frumkvæði að því að miðla sérþekkingu sinni í nýtingu jarðvarma til þróunarríkja og stuðlað þannig að sjálfbærri þróun. Þá er Ísland ákveðin fyrirmynd á sviði jafnréttismála og getur miðlað einstakri reynslu af jafnréttisbaráttu. Einnig ber að minnast á þann styrk sem felst í því að í háskólum landsins er boðið upp á sérhæft nám á sviðum tengdum alþjóðamálum.

Aukins þrýstings hefur gætt frá mörgum alþjóðastofnunum undanfarinn áratug að Ísland láti meira til sín taka á alþjóðavettvangi nú þegar landið hefur burði og getu til þess að axla meiri ábyrgð. Litið er svo á að öll ríki eigi að leggja sitt af mörkum og er Ísland þar ekki undanskilið. Hæfilegt sambland sjálfstrausts, bjartsýni og raunsæi er gott veganesti.

## 2. Öryggismál.

Frá miðri síðustu öld hefur Ísland þróast frá því að vera fátækt ríki til háþróaðs velmegunarsamfélags. Umbreyting Íslands úr fátækt til velmegunar á einungis nokkrum áratugum er mörgum vanþróaðri ríkjum hvatningur. Bent hefur verið á að sú staðreynd að fáum ríkjum stendur ógn af Íslandi og að landið er herlaust geri Ísland kjörið til þess að eiga árangursríka samvinnu við aðrar þjóðir um að finna friðsamlega lausn deilumála.

Innan Sameinuðu þjóðanna, og á öðrum vettvangi, er mikilvægt fyrir smáríki að í samskiptum ríkja gildi skýrar leikreglur sem séu virtar. Meginhlutverk öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna er að varðveita heimsfrið og öryggi. Það hefur sýnt sig að smáríki eiga fullt erindi í ráðið og að þátttaka þeirra styrkir lögmæti Sameinuðu þjóðanna. Frá upphafi hefur starfsemi Sameinuðu þjóðanna byggt á því að öll aðildarríki þess hafi jafnan rétt til áhrifa; að hvert ríki hafi eitt atkvæði á allsherjarþingi stofnunarinnar. Stór hluti aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna er smáríki. Tækifæri þeirra til áhrifa á alþjóðavettvangi hafa farið vaxandi síðastliðna tvo áratugi við þær aðstæður sem lok kalda stríðsins leiddu af sér.

Þær ógnir sem steðja að öryggi í heiminum eru margþættari en áður og stafa nú af hryðjuverkum, útbreiðslu gjöreyðingarvopna, átökum innan landamæra ríkja, borgarastyrjöldum og þjóðarmorðum. Sameinuðu þjóðirnar sinna í auknum mæli uppbyggingu eftir átök og vinna að forvörnum gegn átökum. Önnur viðfangsefni, eins og hlutskipti kvenna og barna í stríðsátökum og tengsl orku- og umhverfismála við öryggi, eru einnig ofarlega á baugi. Þær ógnir sem steðja að öryggi smárikja eru síst léttvægari en stærri ríkja nú á dögum og því er mikilvægt að smáríki láti til sín taka á alþjóðavettvangi.

## 3. Friðargæsla.

Ísland hefur, með virkum hætti, tekið þátt í friðargæsluverkefnum víðsvegar um heim frá árinu 1994, en í núverandi mynd frá árinu 2001. Eftir lok kalda stríðsins breyttist



eðli átaka í heiminum frá því að vera að mestu leyti milliríkjadeilur til þess að vera innanríkisdeilur og samhliða hófu sífellt fleiri þjóðir heims þátttöku í friðargæslu. Hugtakið friðargæsla hefur nú rýmri skilgreiningu en áður. Verkefnið eru margs konar en eiga það sameiginlegt að vera öll í þágu friðar og stöðugleika.

Allt starf Íslensku friðargæslunnar fer fram í samstarfi við alþjóðastofnanir eins og Sameinuðu þjóðirnar, NATO, Evrópusambandið og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu og verkefnavalið fer eftir ríkjandi þörf hverju sinni. Eðli þeirra verkefna sem Ísland sinnir er ávallt borgaralegt og snýr aðallega að uppbyggingarstarfsemi eftir að friði hefur verið komið á. Öflugt uppbyggingarstarf eftir að átökum lýkur er forsenda varanlegs friðar.

Stærstu verkefni Íslensku friðargæslunnar voru í byrjun á Balkanskaga eftir fall Sovétríkjanna en undanfarin ár hefur þátttaka í alþjóðlegum sveitum í Afganistan í umboði Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna verið eitt stærsta verkefnið. Íslenska friðargæslan starfar einnig í Mið-Austurlöndum, á Balkanskaga og í Afríku í samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar, Evrópusambandið og Evrópuráðið. Megináherslan er lögð á störf sem beinast að friðaruppbyggingu, m.a. með því að efla stöðugleika og þjálfva og efla heimamenn, og er byggt á aðgerðaráætlun Íslands um framkvæmd ályktunar Öryggisráðsins nr. 1325 um konur, frið og öryggi. Stærstur hluti starfs Íslensku friðargæslunnar fellur undir alþjóðlega skilgreiningu um þróunaraðstoð og hefur einnig verið lagt framlag til fjölþjóðlegra sjóða í tengslum við uppbyggingarstarf á svæðum sem friðargæslan starfar á.

Íslensk stjórnvöld leggja nú áherslu á að axla aukna ábyrgð á alþjóðavettvangi og er þátttaka Íslands í friðargæslu liður í því starfi. Íslenskir friðargæsluliðar öðlast mikla reynslu og þekkingu við störf sín á átakasvæðum og innan alþjóðastofnana sem skilar sér inn í starfið heima fyrir og styrkir íslenska utanríkisþjónustu. Íslenska friðargæslan er ung og starfið stöðugt í endurmótun. Mikilvægt er að almenn sátt sé um starf friðargæslunnar. Til að svo sé er mikilvægt að samráð og upplýsingamiðlun sé virk, m.a. við Alþingi, til að kynna hlutverk friðargæslunnar og stuðla að málefnalegri umfjöllun. Það er ekki síst mikilvægt fyrir þann fjölda fólks sem er að störfum ár hvert á vegum Íslensku friðargæslunnar. Friðargæsluliðar vinna óeigingjarnt starf við erfiðar aðstæður og leggja lóð Íslands á vogarskál friðar, mannréttinda og mannúðar.

#### **4. Mannréttindi.**

Árið 1948 var mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna samþykkt, en með henni var lagður grunnur að öðrum alþjóðlegum mannréttindasáttmálum, svæðisbundnum

mannréttindadómstólum og eftirlitsstofnunum um allan heim. Líkt og með friðargæslu og þróunarstarf er litið á vernd mannréttinda sem forsendu friðar og velsældar í heiminum. Árið 1974 var fyrst minnst á mannréttindi í stefnuyfirlýsingu íslenskrar ríkisstjórnar. Árið 1999 var ákveðið að leggja sérstaka áherslu á mannréttindamál í utanríkismálum og árið 2001 var sú stefna tekin að Ísland skyldi vera framarlega í flokki ríkja sem berðust fyrir mannréttindum. Í dag eru mannréttindamál forgangsmál í utanríkisstefnu Íslands.

Ísland starfar að mannréttindamálum á fleiri en einum vettvangi. Stór hluti starfsins fer fram innan Sameinuðu þjóðanna, þá einna helst í fastanefndum Íslands í New York og Genf, innan Efnahags- og félagsmálaráðs (ECOSOC), Kvinnanefndar Sameinuðu þjóðanna og Þróunarsjóðs Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna (UNIFEM). Íslensk stjórnvöld hafa átt einstaklega farsælt samstarf við UNIFEM síðastliðin 10 ár og er Ísland nú meðal þeirra ríkja sem leggja hvað mest af mörkum til starfseminnar. Íslenskir sérfræðingar hafa t.a.m. verið sendir til starfa hjá UNIFEM í Suðaustur-Evrópu.

Áherslur Íslands við að efla og vernda mannréttindi snúa að réttindum kvenna, með sérstakri áherslu á afnám ofbeldis gegn konum, baráttunni gegn mansali, réttindum barnsins, afnámi pyntinga og ómannúðlegrar meðferðar, afnámi dauðarefsinga, verndun mannréttinda í baráttunni gegn hryðjuverkum og síðast en ekki síst ályktun Öryggisráðsins nr. 1325 um aðkomu kvenna að friðarviðræðum og friðaruppbyggingu.

Ísland styður starf Mannréttindadómstóls Evrópu í Strassborg, tekur virkan þátt í baráttu Evrópuráðsins gegn ofbeldi gegn konum, beitir sér fyrir auknum réttindum barna og afnámi hvers kyns ofbeldis og mismununar gagnvart börnum og vinnur að fullgildingu samningsins um aðgerðir gegn mansali. Á vettvangi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu hefur Ísland lagt sérstaka áherslu á baráttuna gegn mansali, en innan stofnunarinnar fer fram reglubundið samráð á sviði mannréttindamála, lýðræðis, réttinda minnihlutahópa og öryggis- og afvopnunarmála.

Í apríl 2007 gaf utanríkisráðuneytið út skýrslu um mannréttindi í íslenskri utanríkisstefnu. Mikilvægt er að hvergi sé slakað á kröfum og að íslensk stjórnvöld vinni stöðugt að því að vera í fararbroddi við að efla og vernda alþjóðleg mannréttindi í samstarfi við frjáls félagasamtök, sérfræðinga og alþjóðastofnanir. Gæta þarf sérstaklega að mannréttindum í öllu starfi Íslands erlendis, allt frá viðskiptum til þróunarsamvinnu og öryggismála. Hvetja þarf íslensk fyrirtæki í útrás til að gerast aðilar að hinu hnattræna samkomulagi Sameinuðu þjóðanna sem lýtur að alþjóðlega viðurkenndum meginreglum á sviði mannréttinda, vinnumála og umhverfismála og að baráttunni gegn spillingu. Að lokum er mikilvægt að tryggja að mannréttindi séu ávallt virt heima fyrir og að Ísland sé þannig fyrirmynd annarra ríkja á þessu sviði.

## 5. Baráttan gegn matvæskorti, þurrkum og loftlagsbreytingum.

Baráttan gegn matvæskorti, þurrkum og loftlagsbreytingum er eitt af brýnustu viðfangsefnum alþjóðasamfélagsins. Vanþróuð, fátæk ríki verða verst úti í þessu efni og er það skylda þróaðra ríkja að leita leiða til að leysa þennan vanda. 60 ár eru liðin síðan Ísland var sjálft fátækt ríki sem naut þróunaraðstoðar og sérstakra kjara sem áttu þátt í því að skapa þá velsæld sem Íslendingar lifa við í dag. Íslendingar eru nú aflögufærir og hafa burði til að leggja sitt af mörkum á þessu sviði sem öðrum.

Matvælaverð hefur hækkað talsvert undanfarin ár, einkum verð á kornvöru, og er spáð enn frekari verðhækkunum á heimsvísu næsta áratuginn. Eftirspurn er nú meiri en framboð og er skýringanna einna helst að leita í fólksfjölgun, vaxandi velmegun í þriðja heiminum og framleiðslu lífræns eldsneytis sem krefst mikils magns af korni. Þá hefur vatnsskortur, óhagstætt veðurfar og takmarkað ræktarland einnig haft sitt að segja. Bestu ræktarlönd heimsins eru nú þegar fullnýtt og bæði vatn og land eru takmarkaðar auðlindir. Hnignun lands og jarðvegseyðing er vandamál um allan heim og er sú þróun jafnframt einn helsti orsakavaldur loftlagsbreytinga.

Ísland hefur lagt hönd á plóginn með beinum hætti með uppbyggingu bæði Sjávarútvegsskóla og Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og með nýstofnuðum Landgræðsluskóla sem hefur það markmið að stuðla að útrýmingu fátæktar í þróunarlöndunum með þjálfun fagfólks á sviði landgræðslu og sjálfbærrar nýtingar lands. Mikilvægt er að halda áfram að vekja athygli á tækifærum tengdum jarðhita og vetnistækni í þágu sjálfbærrar orkuþróunar og umhverfisverndar, bjóða fram sérþekkingu Íslendinga í sjálfbærri nýtingu sjávarauðlinda og miðla af langri reynslu af landgræðslu og skipulögðu starfi gegn uppblæstri og annars konar eyðingu lands. Nauðsynlegt er að styðja við framþróun á alþjóðamarkaði með landbúnaðarvörur og stuðla að því að íslensk fyrirtæki taki þátt í þróunarsamvinnuverkefnum.

## 6. Menning.

Hugtakið hnattvæðing lýsir þeirri staðreynd að alþjóðleg, yfirþjóðleg og hnattræn samskipti eru stöðugt að aukast að umfangi, hraða og dýpt. Í hnattvæðingu felast samskipti sem eru óháð landsvæðum, vegalengdum og landamærum. Vefurinn, fjármálakerfi, hugmyndir, straumar og neyslumynstur koma þar við sögu. Mikilvægi sjálfsmyndar hefur aukist þessu samhliða og ríki kosta kapps um að vernda menningu sína og tungu.

Hnattvæðing ógnar að vissu leyti menningararfi ríkja en að sama skapi veitir hún aukin

tækifæri til útbreiðslu hans og verndunar. Alþjóðastofnanir vinna þar þarft starf. Innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar fara fram samningaviðræður um frjáls viðskipti með hvers kyns vörur og þjónustu og stofnunin vinnur að verndun höfundaréttar. Verulegir fjárhagslegir hagsmunir eru þar í húfi, sérstaklega í kvikmynda-, tónlistar- og myndbandaiðnaðinum, af þeirri ástæðu að óþrúttir aðilar stunda það athæfi í ríkum mæli að fjölfalda efni listamanna ólöglega og selja í fjarlægum löndum.

Flestir telja að menningu eigi ekki að meðhöndla með sama hætti og hefðbundnar markaðsvörur og því sé nauðsynlegt að koma sér saman um ákveðið alþjóðlegt fyrirkomulag á þessu sviði. Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, tekur meðal annars á ólöglegum útflutningi á menningarmunum. Á vegum stofnunarinnar hefur verið gerður alþjóðasamningur um menningarminjar heimsins og tekur hann bæði til menningar- og náttúruminja. Þingvellir eru á skrá samningsins yfir slíkar minjar. Árið 2003 lagði UNESCO fram yfirlýsingu um menningarlega fjölbreytni þar sem lögð var áhersla á að menningarleg auðlegð heimsins fælist í fjölbreytni menningar og ólíkum birtingarformum hennar. Hér er um að ræða bæði tungumál og listrænt sköpunarstarf.

Íslensk menning er mikilvægur hluti af sjálfsmynd þjóðarinnar og hana ber ávallt að varðveita og rækta og óttast framþróun hennar í engu. Samhliða er mikilvægt að virðing sé í hvívetna borin fyrir menningu annarra þjóða, jafnt á Íslandi sem annars staðar.

## 7. Menntun.

Fyrstu evrópsku háskólarnir voru settir á laggirnar á 9. öld og komu nemendur þeirra hvaðanæva að. Því má segja að háskólar hafi verið fyrstu alþjóðlegu stofnanirnar. Í lok 19. aldar, þegar Ísland var enn undir yfirráðum Dana, hófu íslenskir stjórnámálmenn baráttu fyrir því að stofnaður yrði innlendir háskóli á Íslandi til að stuðla að því að þjóðin eignaðist eigin sérfræðinga á hinum ýmsu sviðum sem gætu metið og túlkað þá þekkingu sem kæmi að utan. Háskóli Íslands var stofnaður árið 1911 og var stofnun hans mikið framfaraskref fyrir íslenskt samfélag. Með stofnun Lánasjóðs íslenskra námsmanna var íslenskum námsmönnum auðveldað að fara utan til háskólanáms og flytja síðan heim fræðilega og hagnýta þekkingu.

Fjöldamörg dæmi eru um vel heppnað alþjóðlegt samstarf á Íslandi á vísinda- og menntasviði. Nefna má þátttöku íslenskra vísindamanna í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum, nemenda- og kennaraskipti íslenskra og erlendra háskóla og

alþjóðlegt nám við háskóla landsins. Samhliða þessari þróun hefur stjórnsýsla landsins í vaxandi mæli tekið mið af því sem er að gerast á menntasviðum erlendra háskóla þar sem alþjóðlegur samanburður er nú í vaxandi mæli notaður til að meta frammistöðu íslenskra nemenda.

Mikilvægt er að íslenskar menntastofnanir taki áfram virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi til að tryggja framtíðarhagsmuni íslensks samfélags, án þess þó að gleyma uppruna þess og gildum. Öflugt samstarf á þessu sviði heima fyrir er forsenda þess að árangur náist á alþjóðavettvangi og má segja að háskólafundaröðin sé viðleitni til þess.

## 8. Umhverfismál.

Á fjórða og fimmta áratug nýliðinnar aldar byrjuðu Íslendingar að nota jarðhita að mestu leyti til húshitunar í stað olíu og kola. Ísland er nú fremst í flokki í nýtingu hreinna orkugjafa í heiminum. Ísland hefur 100 ára reynslu í landgræðslu og jafnvel lengstu reynslu allra þjóða heims af því að vinna á skipulagðan hátt gegn uppblæstri og annars konar eyðingu lands. Megnið af þessari vinnu hefur byggst á framlagi almennra borgara. Samtök í byggðarlögum landsins hafa verið virk í landgræðslu og það voru lítil sveitafélög um allt land sem tóku þá ákvörðun á sínum tíma að skipta um orkugjafa. Í krafti þekkingar hefur fólkið í landinu lagt sitt af mörkum til þess að efla íslenskt samfélag. Það er einmitt þessi þátttaka almennings sem sérfræðingar telja vera nauðsynlegan þátt í átakinu gegn loftslagsbreytingum.

Þjóðir heims hafa vaxandi áhyggjur af loftslagsbreytingum, vegna losunar gróðurhúsalofttegunda frá iðnaði og umferð, sem kunna að leiða til umtalsverðra breytinga á náttúruskilyrðum. Nýting endurnýjanlegra orkugjafa í stað olíu og kola er talin ein besta leiðin til að draga úr þessari þróun. Ísland hefur miðlað sérþekkingu sinni á nýtingu jarðvarma til sérfræðinga í þróunarríkjum og stuðlað þannig að sjálfbærri þróun.

Vaxandi skilningur er á tengslum orku- og umhverfismála við heimsfrið og öryggi, þ. á m. í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Sú röskun á náttúrunni sem loftslagsbreytingar gætu leitt af sér gæti aukið umfang vopnaðra átaka og stuðlað að upplausn ríkja og vaxandi straumi flóttafólks í heiminum.

Sameinuðu þjóðirnar hafa tileinkað áratuginn 2005-2014 menntun til sjálfbærrar þróunar. Markmiðið er að koma grundvallarsjónarmiðum sjálfbærrar þróunar að á öllum sviðum menntunar og er starfið unnið á vettvangi UNESCO.






## Vegvísir að starfi Íslands innan Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna

Aukinni velsæld fylgja pólitískar og siðferðislegar skyldur á alþjóðavettvangi. Ísland hefur nú burði, þekkingu og hugvit til að taka fullan þátt í alþjóðasamstarfi. Einn helsti vettvangur þessa er öryggisráð Sameinuðu þjóðanna. Ísland gerðist aðili að Sameinuðu þjóðunum árið 1946 en hefur ekki fyrr en nú boðið sig fram til setu í öryggisráðinu. Ísland hefur eindreginn vilja til að starfa að meginmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og hefur verið virkur þátttakandi í hinu fjölpætta starfi stofnunarinnar. Með setu í öryggisráðinu fengi Ísland tækifæri til að axla ábyrgð í þágu varðveislu friðar og öryggis í heiminum til jafns við önnur ríki.

Framboð Íslands til öryggisráðsins er norrænt og taka öll Norðurlöndin virkan þátt í framboðsferlinu. Hefð er fyrir því að eitt Norðurlandanna sækist eftir setu í ráðinu á fjögurra ára fresti. Norðmenn og Danir hafa fjórum sinnum átt sæti í ráðinu, Svíar þrisvar og Finnar tvisvar. Þátttaka Íslands í alþjóðasamstarfi hefur aukist verulega á síðustu árum og er framboð til öryggisráðsins rökkrétt framhald af þeirri þróun. Með framboði sínu styrkir Ísland stöðu sína í alþjóðasamskiptum. Með setu í öryggisráðinu gæfist einstakt tækifæri til að halda fram megináherslum utanríkisstefnu Íslands og annarra Norðurlanda og standa vörð um hagsmuni smærri ríkja á alþjóðavettvangi. Nái Ísland kjöri til öryggisráðsins mun það leggja áherslu á:

- virðingu fyrir þjóðarétti, mannréttindum og lýðræði
- gagnkvæma virðingu og umburðarlyndi í samskiptum ríkja
- aukna samþættingu öryggismála og þróunarstarfs
- verndun óbreyttra borgara á átakasvæðum með sérstakri áherslu á konur og börn
- gegnsæi í starfi öryggisráðsins og lýðræðislegar vinnuáðferðir sem auðvelda öðrum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna að fylgjast með starfsemi ráðsins
- framlag kvenna til friðarsamninga og friðaruppbyggingar
- mannöryggi og nýjar skilgreiningar á ógnum og öryggi

Íslensk stjórnvöld styðja fjölgun fastaríkja innan Öryggisráðsins og ríkja sem kosin eru tímabundið í ráðið. Þannig hefur Ísland undanfarin ár stutt þá hugmynd að G-4 ríkin, Brasilía, Indland, Japan og Þýskaland, verði fastaríki í Öryggisráðinu, auk tveggja Afríkuríkja. Um leið er þó lögð áhersla á að stækkun Öryggisráðsins megi ekki veikja getu þess til ákvarðanatöku og framkvæmda og hefur Ísland verið því fylgjandi að skilyrða beitingu neitunarvaldsins. Ísland hefur jafnframt lagt áherslu á aukið gagnsæi í störfum ráðsins.





# IV

## Aukin tengsl milli utanríkisráðuneytisins og háskóla í þágu bættrar stefnumótunar í alþjóða- og utanríkismálum

Háskólafundaröðin markar ákveðið upphaf að samvinnu allra háskóla landsins og stjórnvalda. Sú samvinna er mikilvæg öllum þeim sem að henni koma, stjórnvöldum, háskólasamfélaginu og almenningi. Upplýst og málefnaleg umræða er forsenda skilnings og sáttar um stefnu stjórnvalda, hvort heldur er í utanríkismálum eða öðrum málefnum. Því ber að stuðla að sterkari tengslum milli fræða og stefnumótunar á sviði alþjóða- og utanríkismála.

Undanfarin ár hefur utanríkisráðuneytið fengið nemendur frá Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík og Háskólanum á Akureyri til starfa yfir sumarmánuði. Nemendum gefst þannig tækifæri til að kynnast starfsemi utanríkisráðuneytisins og vinna sér inn námseiningar, jafnframt því að ný og fersk sjónarmið háskólanemanna geta nýst ráðuneytinu.

Meistaránemar vinna oft lokaverkefni tengd utanríkismálum Íslands og utanríkisráðuneytið hyggst stuðla að frekari samvinnu á því sviði. Auka mætti samstarf háskóla landsins og ráðuneytisins við skipulagningu einstakra námskeiða sem snerta íslensk utanríkismál, eins og gert var í vetur í tengslum við framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Meistaránemar í alþjóðasamskiptum við Háskóla Íslands sátu málstofu á vegum utanríkisráðuneytisins um framboðið og unnu í kjölfarið verkefni um einstök málefni sem taka þarf afstöðu til nái Ísland kjöri til öryggisráðsins.

Reynslan af samstarfi utanríkisráðuneytisins og háskóla landsins hefur verið góð og leitt í ljós að tækifærin liggja víða.

## Háskólafundaröð 2007-2008.

### Ísland á alþjóðavettvangi - erindi og ávinningur.

#### I. Alþjóðasamstarf á 21. öld og öryggisráð Sameinuðu þjóðanna.

Opnunarmálþing í Háskóla Íslands 7. september 2007.

Fundarstjóri: Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands.

Ávarp forsætisráðherra Geirs H. Haarde.

Ávarp utanríkisráðherra Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur.

Aukin þátttaka Íslands í alþjóðasamstarfi. Hvers vegna og til hvers?

Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.

Hvert er hlutverk öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna í upphafi 21. aldar?

Alyson Bailes, gestaprófessor við stjórnmálafræðiskor Háskóla Íslands.

Auknar valdheimildir öryggisráðsins - er ráðið alþjóðlegur löggjafi?

Björg Thorarensen, prófessor í lögfræði við Háskóla Íslands.

Umræður.

#### II. Þátttaka Íslands í friðargæslu - af hverju?

Málþing í Háskólanum á Bifröst 19. október 2007.

Fundarstjóri: Jón Ólafsson, forseti félagsvísindadeildar Háskólans á Bifröst.

Stefnumörkun og reynsla friðargæslunnar.

Anna Jóhannsdóttir, forstöðumaður Íslensku friðargæslunnar.

Framboð og friðargæsla - hvaða hlutverki gegna blaðamenn?

Davíð Logi Sigurðsson, blaðamaður.

Á vettvangi friðargæslu í Afganistan og Srí Lanka.

Jónas G. Allansson, friðargæsluliði og mannfræðingur.

Viðbrögð við erindum fyrirlesara.

Guðni Th. Jóhannesson, sérfræðingur við Háskólann í Reykjavík.

#### III. Ísland á alþjóðavettvangi - skiptum við máli?

Málþing í Háskólanum í Reykjavík 24. október 2007.

Fundarstjóri: Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík.

**Skiptum við máli áður fyrr?**

Guðni Th. Jóhannesson, sérfræðingur í lagadeild Háskólans í Reykjavík.

**Skiptum við máli í dag?**

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra.

**Skiptum við máli í framtíðinni?**

Vera Knútsdóttir, háskólanemi og formaður ICEMUN, félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

#### **IV. Ísland í öryggisráðið - og hvað svo?**

Málstofa á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands 7. desember 2007.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna: hlutverk, starfshættir og kröfur um breytingar.

Ragnar G. Kristjánsson, sendiráðunautur, fastanefnd Íslands, Genf.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna frá sjónarhóli þjóðaréttar.

Pétur Dam Leifsson, lektor við lagadeild Háskóla Íslands.

Átök og öryggismál í Afríku.

Elín Rósa Sigurðardóttir, verkefnastjóri í utanríkisráðuneytinu.

#### **V. Mannréttindi í utanríkisstefnu Íslands - hvers vegna?**

Málþing á vegum Háskólans á Akureyri 10. desember 2007.

Fundarstjóri: Guðmundur Heiðar Frímansson, prófessor við Háskólann á Akureyri.

Setning.

Þorsteinn Gunnarsson, rektor Háskólans á Akureyri.

Ávarp.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra.

Framkvæmdin á mannréttindum í utanríkisstefnu Íslands.

Guðmundur Alfreðsson, prófessor.

Öll dýrin í skóginum eiga að vera vinir!

Kristján Ingimarsson, leikari.

Að reka af sér slyðruorðið.

Jakob Möller, fyrrverandi starfsmaður Sameinuðu þjóðanna.

Mannréttindi í íslenskri utanríkisstefnu 1995-2006.

Edda Jónsdóttir, meistaranemi.

Kynning á mannréttindaátaki Sameinuðu þjóðanna.

Árni Snævarr, fulltrúi á upplýsingaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Evrópu.

Eru dvergarnir sjö of litlir til að rífa kjaft?  
Kristján Ingimarsson, leikari.

Umræður.

## **VI. Átakalínur í framtíðinni - geta Íslendingar komið að liði í baráttunni gegn matvæðaskorti, þurrkum og loftlagsbreytingum?**

Málþing í Landbúnaðarháskólanum 15. janúar 2008.

Málþing sett.

Ágúst Sigurðsson, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands.

Ávarp.

Árni Páll Árnason, alþingismaður.

Umhverfisógnir - Hvað geta Íslendingar lagt af mörkum?

Ruth Haug, prófessor við Norska umhverfis- og lífvísindaháskólann, UMB.

Framboð á matvælum - Eru breytingar framundan á því sviði?

Áslaug Helgadóttir, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Landgræðsluskóli Sameinuðu þjóðanna.

Ingibjörg Svala Jónsdóttir, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Umræður.

## **VII. Réttur til menningar - íslenskur menningararfur í ljósi hnattvæðingar.**

Málþing í Listaháskóla Íslands 14. febrúar 2008.

Setning málþings.

Hjálmar H. Ragnarsson, rektor Listaháskóla Íslands.

Ávarp.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra.

Höfundaréttur og menningararfur.

Eiríkur Tómasson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands og framkvæmdastjóri Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar.

Mishljómar í menningararfsorðræðunni.

Ólafur Rastrick, sagnfræðingur.

UNESCO og menningarstefna samtakanna.

Dr. Sveinn Einarsson, leikstjóri og fyrrum stjórnarmaður UNESCO.

Frummyndin, eftirmyndin og eignaréttur hugmynda.

Guðmundur Oddur Magnússon, prófessor í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands.

Umræður.

### **VIII. Menntun í samfélagi þjóða.**

Málþing í Kennaraháskóla Íslands 27. mars 2008.

Setning málþings.

Ólafur Proppé, rektor Kennaraháskóla Íslands.

Þýðing alþjóðlegs samstarfs á sviði menntamála.

Porgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra.

Víðsýni eða andlegur kotungsskapur? Hlutverk menntunar á tímum hnattvæðingar. Hvaða tækifæri ber hún með sér og hvaða skyldur leggur hún á herðar okkar?

Ólafur Páll Jónsson, lektor.

Fagmennska og sjálfbærni: Alþjóðasamstarf um menntun og þjálfun fagfólks.

Allyson Macdonald, prófessor.

Umræður.

### **IX. Hvernig á íslensk náttúra, menning og þekking erindi til alþjóðasamfélagsins?**

Háskólinn á Hólum 15. apríl 2008.

Setning.

Skúli Skúlason, rektor Háskólans á Hólum.

Ávarp.

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson.

Sjálfbært Ísland - falsvon eða fyrirheit?

Dr. Þorvarður Árnason, Háskóli Íslands - Háskólasetrið á Hornafirði.

Varðveisla með nýtingu: Sjálfbær þróun íslenskrar menningar.

Dr. Guðrún Helgadóttir, prófessor, ferðamáladeild Háskólans á Hólum.

Íslensk náttúra: Fjölbreytt eða fátæk.

Dr. Stefán Óli Steingrímsson, dósent, fiskeldis- og fiskalíffræðideild Háskólans á Hólum.

Umræður.







HÁSKÓLI ÍSLANDS



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVÍK UNIVERSITY



[www.utanrikisraduneyti.is/haskolafundarod/](http://www.utanrikisraduneyti.is/haskolafundarod/)